

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

sent á samráðsgátt

6. mars 2020

Mál: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum ársreikninga og lögum um endurskoðendur og endurskoðun (gagnsæi í rekstri stærri óskráðra félaga o.fl.)

Stjórn Félags um innri endurskoðun (FIE) hefur yfirfarið ofangreind frumvarpsdrög. Stjórnin fagnar frumvarpsdrögunum en telur að þau úrræði sem í þeim eru boðuð gangi of skammt til að tryggja að markmið frumvarpsins náist.

1

Það er eindregin afstaða stjórnar FIE að til þess að auka traust á og tryggja gagnsæi í upplýsingagjöf fyrirtækja sem talin eru þjóðhagslega mikilvæg og varða almannahagsmunum þurfi að styrkja innra eftirlitskerfi þeirra. Telur stjórn FIE að lykilþáttur þess sé að gerð verði krafa um að hjá umræddum fyrirtækjum verði framkvæmd innri endurskoðun.

Innri endurskoðun er starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf, sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka. Með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttanna og stuðlar þannig að því að fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök nái markmiðum sínum.

2

Í 2. gr. frumvarpsdraganna er m.a. fjallað um að í skýrslu stjórnar félaga skuli vera lýsing á megináhættu og óvissuþáttum sem það stendur frammi fyrir og gera skuli grein fyrir meginmarkmiðum og stefnu áhættustýringar félagsins. Stjórn FIE telur jákvætt og mikilvægt að upplýst sé um þetta en um leið megi ekki gleyma mikilvægi þess að raunverulega standi eitthvað að baki slíkum upplýsingum. Tilvist innri endurskoðunar sem leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar myndi hér byggja vel undir þær kröfur um upplýsingagjöf sem sett eru fram í 2. gr. frumvarpsdraganna. Það er meðal hlutverka innri endurskoðunar að yfirfara og staðfesta að unnið sé eftir stefnumörkun stjórnar, greina að hve miklu leyti fylgni sé við skilgreint verklag, kanna virkni innra eftirlits og það sé til þess fallið að stýra fyrirliggjandi áhættu.

3

Í greinargerð frumvarpsdraganna kemur fram að ríkari kröfur séu gerðar til eininga tengdum almannahagsmunum um góða stjórnarhætti og undirstrikar það enn frekar mikilvægi innri endurskoðunar fyrir slíkar einingar út frá skilgreindu hlutverki hennar um að bæta virkni stjórnarháttanna. Meðal hlutverka innri endurskoðunar er að meta og gera viðeigandi tillögur um úrbætur á ferlum í stjórnarháttum fyrirtækisins sem tengjast ákvörðun um stefnu og rekstur

fyrirtækisins og tengjast yfirsýn yfir áhættustýringu og eftirlit. Hlutverkið liggur jafnframt í því að gera tillögur um úrbætur til að stuðla að viðeigandi siðferði og gildismati innan fyrirtækisins.

4

Í greinargerðinni er jafnframt vísað til skyldu eininga tengda almannahagsmunum til að vera með endurskoðunarnefnd sem m.a. hafi eftirlit með virkni og skipulagi innra eftirlits. Telur stjórn FIE mikilvægt að slíkar nefndir séu til staðar en bendir jafnframt á að sé engin innri endurskoðun til staðar hafi slíkar nefndir afar takmörkuð tæki til að uppfylla eftirlitsskyldu sína á virkni og skipulagi innra eftirlits. Tilvist innri endurskoðunar sem óháður aðili sem hefur tryggan og greiðan aðgang að upplýsingum og hefur hlutlægni að leiðarljósi í störfum sínum er hér lykilatriði og veitir stjórnendum um leið heilbrigt og nauðsynlegt aðhald. Að öðrum kosti eru endurskoðunarnefndir settar í þá erfiðu stöðu að þurfa reiða sig á upplýsingar frá þeim sem þeir eiga að hafa eftirlit með.

Þá bendir stjórn FIE á að krafa er gerð um innri endurskoðun hjá lánastofnunum, váttryggingarfélagum og lífeyrissjóðum sem allt eru einingar tengdar almannahagsmunum og að rökrétt væri að sú krafa næði til allra slíka eininga en ekki einungis hluta þeirra. Einnig er gerð krafa um að framkvæmd innri endurskoðunar hjá ríkisaðilum í A-hluta.

5

Sé það raunverulegur vilji ríkisstjórnar Íslands að auka traust og tryggja gagnsæi í upplýsingagjöf fyrirtækja er nauðsynlegt að grípa til ráðstafana sem ganga lengra umrædd frumvarpsdrög gera. Tryggja þarf að innra eftirlitskerfi séu til staðar og að þau séu virk og er innri endurskoðun nauðsynlegur þáttur í því.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar FIE



Björn Snær Atlason, ritari stjórnar